

Upplýsingar fyrir Vinnuskólann sumarið 2019:

Aldur:

Vinnuskólinn er fyrir 14 - 16 ára (fædd árin 2005, 2004 og 2003).

Skráning:

Forráðamenn þurfa að skrá unglínginn sinn í Vinnuskólann. Skráningin fer fram á ráðningarvef Garðabæjar. Athugið að við skráningu þarf nemandi að eiga bankareikning sem stofnaður er á kennitölu hans.

Vakin er athygli á að árið sem 16 ára aldri er náð verður skattskylda eins og hjá fullorðnum og þarf launþegi að ráðstafa persónuafslætti til vinnuveitanda. Ráðstöfun persónuafsláttar er á ábyrgð launþega. Upplýsingar um hvernig ráðstafa eigi persónuafslætti verða sendar með tölvupósti. Einnig má finna þær hér: <https://www.gardabaer.is/stjornsysla/stjornsyslan/fyrir-starfsfolk/>

Dagsetningar:

Skólinn hefst þriðjudaginn 11. júní kl. 8.30 hjá nemendum sem fæddir eru 2003 og 2004 og fimmtudaginn 13. júní hjá þeim sem eru fæddir árið 2005.

Nemendur búsettir á Álftanesi mæta í Félagsmiðstöðina Elítuna. Aðrir mæta í Garðaskóla, norðurbyggingu. Áætlaður lokadagur Vinnuskólans er fimmtudaginn 25. júlí.

Vinnutími:

14 ára (fædd 2005): Mætt er fyrir hádegi fjóra daga í viku, frá kl.8:30 til kl.12. Fimmta daginn er í boði þátttaka í forvarna- og hópeflisverkefningu Egó. Daglegur vinnutími reiknast 3,5 klst. auk 2 klst. í Egó. Samtals 16 tímar á viku.

15-16 ára (fædd árin 2003 og 2004): Unnið frá kl.8:30 til 12 og frá kl. 13:00 til 15:30. Daglegur vinnutími reiknast 6 klst. Unnið er 3,5 klst. fyrir hádegi á föstudögum. Samtals möguleiki á 27,5 klst. vinnu á viku. Vinnuskólinn áskilur sér rétt til að takmarka frekar vinnutíma ef skráning fer fram úr áætlunum.

Dagskrá:

Almenn störf og áherslur í Vinnuskóla eru garðyrkja, gróðursetning, hirðing á lóðum og opnum svæðum bæjarins og skipulagt tómsundastarf. Einnig eru í boði nokkur aðstoðarstörf hjá stofnunum og æskulýðsfélögum, s.s. leikskólum, leikjanámskeiðum og námskeiðum skáta o.fl. fyrir þá sem fæddir eru árin 2003 og 2004.

Hægt er að merkja við þessi aðstoðarstörf inn á skráningareyðublaðinu. Ofangreindir aðilar fá síðan listann og velja til sín af honum. Athugið að vinnutími unglunga í aðstoðarstörfum hjá félögum er í einhverjum tilvikum aðlagður að tímasetningu sumarnámskeiða sem sum hver geta verið fram í ágúst.

Laun:

Unglingar 14 ára (f.2005) 30% af lfl 116 kr. 533 pr.klst. 3,5 klst á dag mán-fös.

Unglingar 15 ára (f.2004) 40% af lfl 116 kr. 711 pr.klst. 6,0 klst á dag mán-fim 3,5 klst á fös.

Unglingar 16 ára (f.2003) 50% af lfl 116 kr. 888 pr.klst. 6,0 klst á dag mán-fim 3,5 klst á fös.